

FUNDARGERÐ

Árið 2021, föstudaginn 29. janúar kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Stefán Vagn Stefánsson boðaði forföll.

Gestir fundarins:

Undir lið 5: Arnór Benónýsson oddviti í Þingeyjarsveit, Helgi Héðinsson oddviti Skútustaðarhrepps, Sveinn Margeirsson sveitarstjóri Skútustaðarhrepps og verkefnastjóri NÍN og Hildur Ásta Þórhallsdóttir aðgerðarstjóri.

Undir lið 8: Hulda Sif Hermannsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra Akureyrarbæjar og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir framkvæmdastjóri Kara Connect.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir frá 17. og 22. desember 2020

Lagðar voru fram fundargerðir frá 17. og 22. desember 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðir frá 17. og 22. desember 2020 voru samþykktar án athugasemda.

2. Reykjavíkurborg

Stefna

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. janúar 2021, varðandi kröfu Reykjavíkurborgar á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ásamt stefnu vegna málshöfðunar Reykjavíkurborgar, dags. 28. janúar 2021. Sátttaumleitanir um málið áttu sér stað í desember þar sem ráðuneytið bauðst til að taka til endurskoðunar regluverk er varðar aðkomu sjóðsins að framlögum til nemenda með íslensku sem annað tungumál, en vísaði að öðru leyti í fyrirhugaða endurskoðun á tekjustofnakerfi sveitarfélaga og regluverki Jöfnunarsjóðs. Fram kom að á næstu dögum muni framvinda málsins skýrast og hvort frekari samningaviðræður muni eiga sér stað um málið. Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála munu mæta á næsta fund nefndarinnar sem verður haldinn í ráðuneytinu til þess að ræða málin.

3. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum

Framlög vegna framkvæmda árið 2020

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Matvælastofnunar, dags. 21. janúar 2021, vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði til vatnsveitna á lögbýlum árið 2020, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. janúar 2021. Á grundvelli c-liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 1088/2018, greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 180/2016.

Heildarfjárhæð framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt reglugerð skal ekki fara yfir 25 m.kr. á hverju ári og hámarksframlag vegna einstakra framkvæmda má nema allt að 44% af stofnkostnaði. Í erindinu kemur fram að samanlagður kostnaður vegna framkvæmdanna hafi numið 43,3 m.kr. Að teknu tilliti til áður nefndra hámarksframlaga nemur umbeðinn kostnaðarþátttaka vegna ársins 2020 19,0 m.kr.

Nefndin samþykkti að tillaga Matvælastofnunar um úthlutun framlags samtals að fjárhæð 19.040.425 kr. væri tekin til greina.

4. Landshlutasamtök sveitarfélaga – framlög vegna samstarfsverkefna

Framlög á árinu 2021

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. janúar 2021, varðandi sóknaráætlun landshluta 2021 ásamt útreikningum. Allt frá því á árinu 2012 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu **Sóknaráætlanir landshluta** en framlaginu er ætlað að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundarhalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan landshluta og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Árin 2018 og 2019 nam framlag til landshlutasamtakanna vegna sóknaráætlana 38 m.kr. en á árinu 2020 var framlagið hækkað í 39,5 m.kr. Á fundinum 29. janúar þarf að taka ákvörðun um framlag ársins 2021. Yrði tekið mið af hækkun neysluverðsvísitölu (15%) og launavísitölu (85%) frá 1. janúar 2020 til 1. janúar 2021 myndi framlagið hækka um rúmar 2,4 m.kr. Hækkun neysluverðsvísitölu er 4,3% á tímabilinu og hækkun launavísitölu 6,5%.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hækka framlag ársins um 1,2 m.kr. og að framlag ársins 2021 nemi því 40.700.000 kr. og er úthlutað á grundvelli framlaga vegna sérstakra verkefna sbr. e. liðar 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018

5. Sérstök framlög

Nýsköpun í Norðri

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. janúar 2021 varðandi Nýsköpun í Norðri (NÍN) þar sem fram kemur að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs hafi samþykkt á fundi sínum 2. október 2019 framlag að fjárhæð 20 m.kr. til verkefnisins NÍN sem hefur það að markmiði að nýtt sameinað sveitarfélag Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar verði í fararbroddi í baráttu við lofslagsbreytingar. Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Sveinn Margeirsson og Hildur Ásta Þórahallsdóttir mættu á fundinn og gerðu grein fyrir framvindu verkefnisins en jafnframt var lögð fram skýrsla um verkefnið á fundinum.

6. Efling tónlistarfræðslu

Viðbætur við framlög vegna 7. gr.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. janúar 2021, varðandi viðbætur við framlög vegna 7. gr. Á fundi nefndarinnar þann 18. nóvember sl. voru samþykkt áætluð framlög til sveitarfélaga skólaárið 2020-2021 á grundvelli 7. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Umsóknarfresturinn

rann út í nóvember 2020 en í byrjun janúar 2021 bárust síðbúnar umsóknir frá fjórum sveitarfélögum þar sem óskað er eftir framlögum vegna 5 nemenda. Framlagið á núverandi skólaári er 486.252 kr. á nemanda og næmi hækkun framlagsins því samtals 2.431.260 kr. sem bætast við.

Nemendurnir stunda nám í Tónsmiðju Suðurlands sem er einkarekinn tónlistarskóli með samstarfsamning við sveitarfélög á Suðurlandi. Það er fyrir tilstilli skólans sem þessar umsóknir eru að berast. Í tölvupósti frá skólanum kemur fram að vegna misskilnings þá skiluðu skráningar nemenda sér ekki til Jöfnunarsjóðs og er óskað eftir að umsóknirnar verði teknar til greina þrátt fyrir að berast svona seint.

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins og kalla eftir álit frá samráðsnefnd um samkomulag um stuðning við tónlistarnám, varðandi hvort umsóknirnar falli undir 7.gr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

7. Uppgjör verkefnisins

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2020 vegna yfirlýsingu grunnskólans.

Nefndarmenn gerðu engar athugasemdir.

8. Mælaborð vegna sérkennslu í sveitarfélögum

Umsókn frá Reykjanesbæ og Akureyrarbæ

Með vísan til erindis frá Akureyrarbæ, dags. 14. desember 2020 og umræðu á síðasta fundi nefndarinnar 17. desember mættu Hulda Sif Hermannsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra Akureyrarbæjar og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir framkvæmdastjóri Kara Connect á fundinn og kynntu verkefnið og svöruðu spurningum nefndarmanna. Að mati Huldu og Þorbjargar er gætt að öllum öryggismálum varðandi persónuverndarmál í verkefninu og afurð verkefnisins ætti að geta nýst öðrum sveitarfélögum

Að umræðu lokinni ákvað nefndin að hafna erindinu. Nefndin taldi að um áhugavert verkefnið væri að ræða en vegna óvissu um að það nýttist öðrum sveitarfélögum var því hafnað.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKIS

9. Uppgjör verkefnisins

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2020 vegna yfirlýsingu málefna fatlaðs fólks.

Nefndarmenn gerðu engar athugasemdir.

10. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársreikningur 2019

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2019. Á árinu 2019 nam tekjuafgangur sjóðsins 361,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 4.820,1 m.kr., skuldir 35,7 m.kr. og eigið fé 4.784,4 m.kr.

11. Mikill kostnaður í þjónustu við börn

Regluverk

Lagt var fram til kynningar aðsent erindi frá Reykjanesbæ, dags. 5. janúar 2021, þar sem óskað er eftir viðbótarframlagi vegna þjónustu við fatlaða einstaklinga, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 27. janúar 2021. Fram kemur í erindinu að um er að ræða þrjú ungmenni og skv. erindinu var kostnaður við þjónustuna 156 m.kr. umfram framlög Jöfnunarsjóðs 2020 og 82 m.kr. 2019.

Ljóst er að þjónusta við ákveðinn fjölda einstaklinga á landsvísu er mjög kostnaðarsöm. Í þeim tilfellum þar sem börn og fullorðnir einstaklingar án SIS mats eiga í hlut er framlagið hlutfall af kostnaði þjónustu og í heild eru 30 einstaklingar á landsvísu með há eða mjög há framlög vegna þessa.

Velta má upp þeirri spurningu hvort eðlilegra væri að viðbótargreiðslur kæmu með ákveðnum fjölda mjög þungra einstaklinga og að almenn framlög væru á mótí að öllu leyti almenn, þ.e.a.s. framlög færu eftir SIS flokki og þar sem SIS flokkur er ekki fyrir hendi væri t.d. greitt eftir 5. flokki en ekki væri tekið mið af kostnaði. Með því yrði mögulegt að taka upp greiðslur eftir SIS mati barna auk þess sem mun minni spönn yrði í almenna kerfinu og komið væri til móts við þyngstu einstaklingana með öðru mótí.

Nefndin ákvað að taka þetta málefni fyrir heildstætt á næsta fundi.

12. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Framlög vegna langtímaveikinda

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. janúar 2021, varðandi NPA framlög 2020. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónlega aðstoð greiðir Jöfnunarsjóður á grundvelli umsókna framlög til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Þann 4. janúar sl. var þjónustusvæðum sent bréf og óskað eftir umsóknum. Hafnarfjörður hefur eitt þjónustusvæða sótt um framlag og skilað gögnum. Alls er sótt um framlög að fjárhæð 1,65 m.kr.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega þjónustu er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda. Kostnaðarpátttaka ríkisins er sú sama og NPA samningunum sjálfum eða 25%. Líkt og fyrir 2019 hefur aðeins ríkishlutinn verið fjármagnaður og lagður inn í Jöfnunarsjóð. Fjármagn til ráðstöfunar er því 5,4 m.kr.

Ákveðið var að leggja til við ráðherra að umsókn Hafnarfjarðar yrði samþykkt að fjárhæð 1,65 m.kr.

13. Samningur VMST vegna atvinnu með stuðningi (AMS)

Endurnýjaður samningur við Vinnumálastofnun

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. janúar 2021, þar sem óskað er eftir flutningi fjármuna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Vinnumálastofnunnar (VMST) vegna atvinnumála fatlaðs fólks. Lagt er til að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs og stjórn sambandsins samþykki fyrir sitt leiti að samkomulag verði undirritað vegna

áranna 2020 og 2021 sem feli í sér að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga inni af hendi greiðslu til VMST allt að fjárhæð 294,8 m.kr. vegna áranna 2021 og 2022. Vinna verði þegar sett af stað við að endurskoða fjárhagsleg samskiði þannig að kostnaður vegna þessarar þjónustu skv. V. kafla laga nr. 38/2018 verði hluti af rekstrargrunni VMST frá og með fjárlögum fyrir árið 2022.

Að yfirferð lokinni ákvað nefndin að samþykkja greiðslu til VMST allt að fjárhæð 294,8 m.kr. vegna áranna 2020 og 2021.

14. Reykjadalur

Endurnýjun á samkomulagi

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. janúar 2021, varðandi samning við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF) vegna Reykjadals 2021. Óskað er eftir endurskoðun á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna mikillar hækkunar á kostnaði við rekstur í kjölfar sammingsbundinna hækkana á launum. Fram kemur að við síðustu kjarasamninga hafi samningar ríkis og sveitarfélaga hækkað mikið og langt umfram hækkun framlaga. Hækkun launa 2020 hafi numið um 20% og von sé á hækkun í janúar 2021 sem gæti numið um 6,8%. Stefnið í að halli ársins 2020 nemi rúmlega 25 m.kr.

Grunnur að framlögum vegna Reykjadals hafa verið hækkuð áður en framlag ársins 2020 nam 63,4 m.kr. Yrði það framlag hækkað um 20% hækkar grunnur framlagsins um 12,6 m.kr. og næmi um 76 m.kr. Ef einnig yrði tekið mið af hækkun vísitölu launa og neysluverðs frá ársbyrjun 2020 til 1. janúar 2021 hækkar framlagið um 4,7 m.kr. til viðbótar og næmi þá framlagið vegna ársins 2021 80,7 m.kr. Sjóðurinn greiðir jafnframt framlag vegna Reykjadals á grundvelli verkaskiptasamnings ríkis og sveitarfélaga vegna eflingar tónlistarfræðslu og nam framlagið 33,8 m.kr. á síðasta ári. Við síðustu hækkun á grunni framlagsins var gerð athugun á rekstri Reykjadals og var ákveðið að framkvæma sambærilega athugun á rekstrinum.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leita álits ráðgjafa á áhrifum launahækkana á rekstur Reykjadals. Jafnframt yrðu helstu þættir í rekstri Reykjadals skoðaðir. Ákveðið var að taka erindið upp aftur á fundum nefndarinnar í mars eða apríl.

15. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 5. mars kl. 11:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson